

Ensk - íslenskar prjónþýðingar

Þýðingar á algengustu hugtökum og skammstöfunum í enskum uppskriftum

alt:	alternate: önnur hver, önnur hvor
armhole:	handvegur
back:	bak, bakstykki
back neck:	hálsmál að aftan
beg:	begin: byrja
buttonhole:	hnappagat
c:	contrast colour: aukalitur, mynsturlitur
cardigan:	hneppt peysa, golftreyja
cast off:	fella af
cast on:	fitja upp
cd inc:	central double increase: 2 lykkjur auknar út fyrir miðju: prjóna slétt tvisvar sömu lykkjuna, fyrst aftan í hana, síðan framan í hana. Taka upp á röngunni með vinstra prjóni aftan í lykkjuna, sem er neðan við nýju lykkjurnar tvær og prjóna bandið snúið slétt
chart:	mynsturmynd (rúðustrikuð)
cm:	sentímetrar
cn:	cable needle: hjálparprjónn, kaðlaprjónn
collar:	kragi
cont:	continue: halda áfram
C4B:	cross 4 back: taka 2 lykkjur óprjónaðar á hjálparprjón og geyma á bak við prjónlesið, prjóna 2 lykkjur sléttar, prjóna lykkjurnar af hjálparprjóninum sléttar.
C4F:	cross 4 front: taka 2 lykkjur óprjónaðar á hjálparprjón og geyma fyrir framan prjónlesið, prjóna 2 lykkjur sléttar, prjóna lykkjurnar af hjálparprjóninum sléttar.
C6B:	cross 6 back: taka 3 lykkjur óprjónaðar á hjálparprjón og geyma á bak við prjónlesið, prjóna 3 lykkjur sléttar, prjóna lykkjurnar af hjálparprjóninum sléttar.
C6F:	cross 6 front: taka 3 lykkjur óprjónaðar á hjálparprjón og geyma fyrir framan prjónlesið, prjóna 3 lykkjur sléttar, prjóna lykkjurnar af hjálparprjóninum sléttar. cross 4 back: taka 2 lykkjur óprjónaðar á hjálparprjón og geyma á bak við prjónlesið, prjóna 2 lykkjur sléttar, prjóna lykkjurnar af hjálparprjóninum sléttar.
dec:	decrease: taka úr
edge to edge:	brúnir saman
fairisle technique:	tvíbandaprjón
foll:	following: eftirfarandi
folls:	follows: sem kemur á eftir
front:	framstykki
front neck:	hálsmál að framan
garter st:	garter stitch: garðaprjón
gauge:	prjónfesta
hemline:	faldlína
in:	inch(es): þumlungur (2,54 cm)
inc:	increase: auka út
intarsia technique:	myndprjón
k:	knit: prjóna slétt
left:	vinstri

lt:	left twist: prjóna aftan í aðra lykkju á vinstri prjóni, síðan framan í fyrstu lykkju, sleppa báðum lykkjunum fram af í einu.
M1:	make one stitch: auka 1 lykkju út.
Making up:	frágangur
Mb:	make bobble: prjóna hnút
MC:	main colour: aðallitur, grunnlitur
mm:	millimetrar
moss stitch:	perluprjón
neck band:	háslíning
p:	purl: prjóna brugðið
patt:	pattern: prjóna mynstur
pssso:	pass slip stitch over: steypa óprjónuðu lykkjunni yfir
p2sso:	pass 2 slip stitches over: steypa 2 óprjónuðum lykkjum yfir
rem:	remaining: sem eftir eru
rep:	repeat: endurtaka
rev st st:	reverse stocking stitch: sléttprjón með rönguna (brugðnu lykkjuna) út
rib:	stroff, prjóna stroff
right:	hægri
row:	umferð
RS:	right side: réttan
rt:	right twist: prjóna framan í aðra lykkju á vinstri prjóni, síðan framan í fyrstu lykkju, sleppa báðum fram af í einu
shoulder:	öxl
skpo:	slip 1, knit 1, pass slip stitch over: taka 1 lykkju óprjónaða, prjóna 1 lykkju slétta, steypa óprjónuðu lykkjunni yfir þá prjónuðu
sl 1:	slip one stitch: taka 1 lykkju óprjónaða
sleeve(s):	ermi, ermar
ss:	slip stitch: óprjónuð lykkja
ssk:	slip, slip, knit: takið 1 L óprjónaða slétt, aðra L óprj sl, prjónið L saman aftan frá (snúið)
st(s):	stitch(es): lykkja, lykkjur
st st:	stocking stitch: sléttprjón
tbl:	through back loop: aftan í lykkjuna
tension:	prjónfesta (prjónþensla)
times:	sinum
tog:	together: saman
WS:	wrong side: rangan (á peysunni)
yb:	yarn back: bandið fyrir aftan
yfwd:	yarn forward: bandið fyrir framan, slá upp á prjóninn
yoke:	berustykki
yon:	yarn on needle: slá upp á prjóninn
yrn:	yarn round needle: slá upp á prjóninn